

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits nr. 1.161, Suðurgata 22, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 31. desember 1997 staðfest breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.161, á milli Kirkjugarðsstígs, Garðastrætis, Túngötu og Suðurgötu, sem staðfest var 26. ágúst 1993.

Breytingin varðar lóðina nr. 22 við Suðurgötu á þann veg að hæð hússins verði óbreytt, þ.e. miðað við samþykktan uppdrátt frá 1927 og flatarmálstölur breytast til samræmis.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. desember 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 31. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, frá 31. október 1990, með síðari breytingum.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Atvinnusvæði í Krók (á uppfyllingu nyrst við Fjarðarstræti) er breytt í íbúðarsvæði.
- Sólgata og Hrannargata sameinast í gatnamótum við nýja safnbraut meðfram sjónum norðan Fjarðarstrætis.
- Fjarðarstræti verður lokað við Hrannargötu og Eyrargata flyst utar, frá gatnamótum við Hrannargötu og Sólgötu.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. desember 1997*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*